
Efnistaka að Litlabakka, Múlaþingi Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 14. apríl 2021 barst Skipulagsstofnun tillaga að matsáætlun frá Eflu verkfræðistofu, f.h. Svandísar Skúladóttur, vegna allt að 250.000 m³ efnistöku á áreyrum Jökulsár á Dal í landi Litlabakka, Múlaþingi samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.01 og 13.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Múlaþings, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Litlabakki-Efnistaka. Tillaga að matsáætlun. Svandís Skúladóttir og Eflu verkfræðistofa, apríl 2021.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Múlaþingi dags. 27. maí 2021.
- Fiskistofu dags. 27. apríl 2021.
- Hafrannsóknastofnun dags. 3. maí 2021.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands dags. 3. maí 2021.
- Minjastofnun Íslands dags. 4. maí 2021.
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 5. maí 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 11. maí og 16. júní 2021.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Í framlagðri tillögu eru kynnt áform um allt að 250.000 m³ efnistöku á um 40 ha svæði á áreyrum Jökulsár á Dal í landi Litlabakka, Múlaþingi. Fram kemur að efnistaka hafi farið fram á svæðinu frá árinu 1980 og að á þeim tíma hafi verið teknir um 300.000 m³ af efni af svæðinu. Þegar hefur um 10 ha svæði verið raskað af völdum fyrri efnistöku. Eftir stíflun jökulsárinnar ber áin að mestu einkenni dragár utan yfirfallstíma Háslóns, en þá rennur jökulvatn um árfarveginn og fyllir hann.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja aðstöðu til efnisöflunar á fyrsta flokks steinefni fyrir framkvæmdir á Austurlandi til næstu 25 ára.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í frummatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu að matsáætlun eða leiðir beint af kröfum í 20. gr. reglugerðar nr. 660/2015.



Gróður

Í kafla 4.4.2 í tillögu framkvæmdaraðila kemur fram að efnistökusvæðið sé staðsett á lítt grónum áreyrum Jökulsár á Dal. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Ísland eru eyrarnar flokkaðar sem eyrurvist sem hafi lágt verndargildi. Sá litli gróður sem er á svæðinu er nýtilkominn vegna uppgræðslu sem mótvægisáðgerð vegna virkjunarframkvæmda við Kárahnjúka.

Af þeim sökum verður ekki gerð sérstök úttekt á gróðurfari efnistökusvæðisins en stuðst við fyrirbyggjandi gögn.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við áformaða nálgun við gagnaöflun og aðferðir við mat á áhrifum á gróður, eins og þeim er lýst í tillögu að matsáætlun.

Landslag og ásýnd

Í kafla 4.4.6 í tillögu framkvæmdaraðila er fjallað um hvernig meta eigi áhrif framkvæmdar á landslag og ásýnd. Þar kemur fram að þar sem fámennt sé í kringum efnistökusvæðið auk þess sem að stór hluti þess sé í hvarfi frá Hróarstungu verði ekki farið í gerð líkanmynda en í staðinn notast við ljósmyndir frá Hróarstunguvegi.

Hafrannsóknarstofnun telur að koma þurfi fram í frummatsskýrslu hver áhrif efnisnámsins verði á ásýnd svæðisins (bæði á efnistökusvæðinu sjálfu, sem og nálægum svæðum árinna), þar sem m.a. er fyrirhugað að raskað svæðum sem byrjuð eru að gróa upp eða hafa verið í uppgræðslu en í stað þess kemur námusvæði. Einnig hver hugsanleg áhrif verði af efnisnáminu við það að áin nái að festa sig í stöðugri farvegi á þessu svæði.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands leggur stofnunin til að loftmyndir verði einnig notaðar til að gefa skýra mynd af áhrifum á ásýnd úr lofti.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verði birtar loftmyndir úr flygildi á efnistökusvæðinu.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við áformaða nálgun við gagnaöflun og aðferðir við mat á áhrifum á landslag og ásýnd, eins og þeim er lýst í tillögu að matsáætlun og svörum framkvæmdaraðila við umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Fiskistofnar og lífríki ár

Í kafla 4.4.4 í tillögu framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð efnistaka sé utan við meginfarveg Jökulsár á Dal eins og hún rennur eftir virkjun við Kárahnjúka. Því er ólíklegt að hún hafi neikvæð áhrif á fiskistofna eða annað lífríki í ánni. Af þeim sökum verður ekki gerð sérstök úttekt á lífríki en stuðst við fyrirbyggjandi gögn, m.a. rannsóknir Hafrannsóknastofnunar og umsögn frá Náttúrustofu Austurlands vegna áframhaldandi efnistöku á svæðinu.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er mælt eindregið gegn efnistöku sem felur í sér beina snertingu við virkan farveg straumvatna og telur stofnunin að almenna reglan ætti að vera sú að leitað sé annarra svæða en í eða við vatnsföll til efnistöku. Þá gerir stofnunin athugasemdir við að í tillögu framkvæmdaraðila komi fram að við afmörkun áhrifasvæðis vegna beinna áhrifa af völdum jarðrasks á gróðurfur og jarðmyndanir sé miðað við 50 metra út fyrir afmarkað framkvæmdasvæði og því sé álitamál hvort að efnistakan sé utan við meginfarveg árinna og og þ.a.l. að ólíklegt sé að hún hafi neikvæð áhrif á fiskistofna eða annað lífríki í ánni. Stofnunin bendir á að áhrif efnistöku úr árfarvegi geta náð talsvert út fyrir hinn eiginlega efnistökuastað. Botnefni ofan efnistökusvæðis geti farið á skrið vegna breyttra strauma/botnlags og leitað niður í efnistökuþrygjur. Að auki getur grugg sem myndast vegna efnistöku og möguleg mengunarefni haft skaðleg áhrif á lífríkið neðan efnistökuastaðar. Þá bendir stofnunin á að miklir veiðihagsmunir geta verið í húfi og því æskilegt að



fram fari rannsóknir á lífríki Jöklu við framkvæmdasvæðið og neðan þess, áður en efnistakan hefst. Einnig þarf að gera ráð fyrir að á framkvæmdatímanum verði lífríki svæðisins vaktað. Jafnframt telur stofnunin tilefni til að óttast að efnisnám geti leitt til þess að áin brjóti sér nýjan farveg um efnistökusvæðið, sem myndi þýða að ráðast þyrfti í framkvæmdir til að beina henni í sinn gamla farveg eða að gamli farvegurinn þorni upp með neikvæðum áhrifum á lífríki. Koma þarf fram í frummatsskýrslu hver áhrifin eru talin geta orðið á lífríki árinna, ef slíkt gerist og til hvaða mótvægisáðgerða væri hægt að grípa til.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að áform séu um gerð varnargarðs til að varna því að flóð- og yfirfallsvatn úr Jöklu renni í kvíslina á efnistökusvæðinu sem alla jafna sé þurr. Mikið af rannsóknum og vöktunum hafi farið fram í Jöklu á síðastliðnum 20 árum og halda þær áfram næstu árin. Þessar vaktanir ná til Jöklu bæði ofan og neðan við efnistökusvæðið og hafa rannsóknir náð til fiska, seiða botndýra og þörungagróðurs. Efnistaka hefur staðið yfir í áratugi án vandkvæða. Ekki eru uppi áform um aukna efnistöku en verið hefur eða breytingu á framkvæmd hennar, eingöngu er verið að tryggja að efnistaka næstu áratugin sé í samræmi við lög og hafi sem minnst áhrif á umhverfið.

Með vísan í umsögn Hafrannsóknarstofnunar, telur Skipulagsstofnun að í frummatsskýrslu verði að koma fram mat á þeim beinu áhrifum sem efnistakan kann að hafa í för með sér á vistkerfi árinna á efnistökusvæðunum sjálfum. Einnig þarf að gera grein fyrir og leggja mat á óbein áhrif sem efnistakan, með tilheyrandi breytingum á rennsli árinna, mun geta haft í för með sér á vistkerfi árinna á svæðum utan efnistökusvæðanna sjálfra auk mögulegrar rofhættu þá þarf í frummatsskýrslu að gera grein hugsanlegum mótvægisáðgerðum svo sem gerð varnargarðs.

Vatnsvernd og mengunarvarnir

Hafrannsóknarstofnun leggur áherslu á í umsögn sinni að fjalla þurfi ítarlega í frummatsskýrslu um hvernig staðið verði að vinnslu á efni í námunni s.s. hvort um verði að ræða þvott á efni og hvernig verði staðið að því að efni berist ekki frá vinnslusvæði. Jafnframt þurfi að gera grein fyrir áhættu af því að olíur og önnur mengandi efni geti borist í vatn/jarðveg, hvernig eftirliti verði háttað og viðbragðsáætlun til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll.

Í umsögn Múlabings kemur fram að það sé mat sveitarfélagsins að fjalla þurfi um matsþáttinn vatnsvernd í frummatsskýrslu þar sem nokkur fjöldi véla og tækja mun verða staðsettur á efnistökusvæðinu að staðaldri.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hann telji ekki þörf á að fjalla um vatnsvernd sem sérstakan umhverfispátt þar sem engin vatnsverndarsvæði séu í nágrenni við efnistökusvæðið né neðar í vatnasviðinu. Ekki um stöðuga starfsemi að ræða heldur árstíðarbundna og verkefnatengda starfsemi þar sem að jafnaði séu í notkun 1-2 skurðgröfur, 1-2 hjólaskóflur og hörpunarvélar með færriböndum staðsettar í námunni. Framkvæmdaraðili telur að mengunarhætta frá þessum tækjum sé sambærileg og af rútum og flutningabílum sem keyra yfir og meðfram ánni eða af dráttarvélum og öðrum landbúnaðartækjum sem eru að vinna á bökkum Jöklu. Fjallað verði um mengunarvarnir í frummatsskýrslu og þá viðbragðsáætlun sem að verktakar verða skuldbundnir til að fylgja, en ekki um vatnsvernd sem sérstakan umhverfispátt.

Skipulagsstofnun getur ekki fallist á þau rök framkvæmdaraðila að möguleg áhætta af mengunaróhöppum á efnistökusvæðinu sé sambærileg þeirri áhættu sem stafi af umferð annarra ökutækja í nánd við Jökulsár á Dal. Í tillögu framkvæmdaraðila kemur m.a. fram að ekki verði unnið niður á meira en 2 metra dýpi þar sem stutt sé á grunnvatn. Gera má því ráð fyrir að neikvæð áhrif á grunnvatn vegna mengunaróhoppa geti verið fyrir hendi á efnistökusvæðinu. Í frummatsskýrslu þurfi því að koma fram upplýsingar um grunnvatnsborð og hvort að hætta geti verið á að mengun



kunni að berast í grunnvatn vegna starfseminnar. Gera þarf grein fyrir hvaða verklag við efnistöku þurfi að viðhafa til þess að koma í veg fyrir að mengunarefni geti borist í jarðveg og grunnvatn og fjalla um viðbrögð ef að kemur til óhapps.

Valkostir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ekki verði gerð grein fyrir öðrum valkosti en aðalvalkosti og núllkosti.

Skipulagsstofnun bendir á að skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum skal í frummatsskýrslu ávallt gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Þá skal tilgreina ástæður fyrir aðalvalkosti með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar. Samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Valkostaumfjöllun vegna efnistöku úr áreyrum Jökulsár á Dal getur til að mynda snúið að afmörkun efnistökusvæðis, áfangaskiptingu, vinnslutíma, flutningsleiðum eða vélum sem notast á við til efnistökkunnar.

Áfangaskipting framkvæmdar

Í kafla 2.3.1 í tillögu framkvæmdaraðila kemur fram að efni í áreyrunum sé misjafnt og því getur orðið að leita að besta efninu fyrir hvert verk.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á í umsögn sinni að þar sem efnistökusvæðið sé umfangsmikið eða 40 ha, þurfi að koma fram hvort hægt sé að áfangaskipta efnistökkunni og ganga jafnóðum frá þeim svæðum sem eru talin fullnýtt.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein mögulegri áfangaskiptingu vinnslunnar og leggja mat á hvort hægt sé að kortleggja hvar besta efnið er að finna innan framkvæmdasvæðisins og með því hlífa því svæði sem ekki inniheldur eins eftirsóknarvert efni. Jafnframt þarf að gera grein fyrir hvernig frágangi námunnar verði háttað og hversu stór hluti námusvæðisins verði opinn hverju sinni á meðan á vinnslu stendur.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Svandísar Skúladóttur að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi skilyrðum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á þau beinu áhrif sem efnistakan kann að hafa í för með sér á vistkerfi árinna á efnistökusvæðunum sjálfum. Einnig þarf að gera grein fyrir og leggja mat á óbein áhrif sem efnistakan, með tilheyrandi breytingum á rennsli árinna, mun geta haft í för með sér á vistkerfi árinna á svæðum utan efnistökusvæðanna sjálfra auk mögulegrar rofhættu. Þá þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir stærð og umfangi fyrirhugaðs varnargarðs ásamt nákvæmri staðsetningu hans.
2. Í frummatsskýrslu þurfi því að koma fram upplýsingar um grunnvatnsborð og hvort að hætta geti verið á að mengun kunni að berast í grunnvatn vegna starfseminnar. Gera þarf grein fyrir hvaða verklag við efnistöku þurfi að viðhafa til þess að koma í veg fyrir að



- mengunarefni geti borist í jarðveg og grunnvatn og fjalla um viðbrögð ef að kemur til óhapps.
3. Í frummatsskýrslu skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Tilgreina skal ástæður fyrir aðalvalkosti með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar. Valkostaumfjöllun vegna efnistöku úr áreyrum Jökulsár á Dal getur til að mynda snúið að afmörkun efnistökusvæðis, gerð varnargarðs, áfangaskiptingu, vinnslutíma, flutningsleiðum eða vélum sem notast á við til efnistökkunnar.
 4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir mögulegri áfangaskiptingu vinnslunnar, hvernig frágangi námunnar verði háttað og hversu stór hluti námusvæðisins verði opin hverju sinni á meðan vinnsla stendur.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Kærufrestur er til 16. ágúst 2021.

Reykjavík, 9. júlí 2021

Jakob Gunnarsson

Tinna Jónsdóttir